

Sp.

355. Tillaga til þingsályktunar

um grafhellur úr íslenzku efni á leiði nokkurra þjóðskálda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta gera á kostnað ríkissjóðs á yfirstandi ári grafhellur af sömu gerð og legsteininn á leiði Einars Benediktssonar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum á grafir eftirtaldra þjóðskálda: Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum í Hörgárdal, Bólu-Hjálmars að Miklabæ í Skagafirði, Kristjáns Jónssonar að Hofi í Vopnafirði, Gríms Thomsens að Bessastöðum, Guðmundar Friðjónssonar að Nesi í Aðaldal og Guðmundar Kambans og Unnar Benediktsdóttur (Huldu) í Reykjavík.

Greinargerð.

Íslendingar unna listaverkum góðskálda sinna, en hafa sýnt of litla ræktarseni við minningu þeirra. Vestur-Íslendingar hafa gengið stórmyndarlega frá gróf Stephans G. Stephanssonar, en leiði Jónasar Hallgrímssonar beið heila öld í öðru landi, án þess að á það væri lögð svo mikið sem litil minningartafla. Ómerkilegir legsteinar eru á gröfum Bjarna Thorarensens, Kristjáns Jónssonar og Gríms Thomsens. Engin rækt var lögð við leiði Bólu-Hjálmars þangað til fyrir fáeinum misserum, að mjög sögufróður bóndi í Skagafirði merkti leiði hans. Enginn legsteinn er enn á gróf Guðmundar Friðjónssonar. Guðmundur Kamban féll frá með þeim hætti, að ástæða er til fyrir þjóð hans að minnast þessa merkilega skálds á eftirminnilegan hátt. Hulda hefur hlotið mesta skáldafrægð af íslenskum konum og m. a. ort þau ljóð, sem lengi mun minnzt í sambandi við endurreisn þjóðveldisins 1944. Gera má ráð fyrir, að hver grafhella muni kosta um 3000 kr., og eru þær mjög varanlegar. Ef þessi siður væri upp tekinn, mundi þjóðin smátt og smátt heiðra minningu fleiri merkra dætra og sona á sama hátt. Jafnframt þarf að fela þjóðminjaverði að hafa umsjá með viðhaldi og meðferð þeirra legsteina, sem ríkið lætur reisa.